

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar lærðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?



Myndi velja að nýju

Það að ég varð barna-og unglingageðlæknir átti sér langan aðdraganda. Eftir kandidateisráðið vakti margt áhuga, ég ætlaði á tímabili í háls- nef og eyrnalækningar, heimilislækningar, öldrunarlækningar og ekki voru geðlækningar langt undan. Að lokum fór svo að við héldum til Svíþjóðar þar sem ég lauk námi í heimilislækningum. Gaf mér samt góðan tíma og prófaði margar deildir áður en ég hóf skipulagt sérnám í heimilislækningum enda óákveðinn og um margt að velja. Mikil áhrif á það val hafði að fjölskyldan langaði að nýju til Egilsstaða þar sem við höfðum búið um skeið og líkað vel. Þar bjuggum við í 5 ár þar sem ég öðlaðist dýrmæta reynslu áður en við ákváðum að flytja suður og þá var kominn tími á breytingar. Á þessum árum var mjög erfitt að fá stöður í Reykjavík fyrir heimilislækna, sem varð til þess að allnokkrir kollegar skiptu um sérgrein. Geðlækningarnar höfðu aldrei verið langt undan hjá mér og eftir að hafa rætt við Ólaf Guðmundsson skólabróður minn ákvað ég að prófa barnageðlækningar. Eftir því hef ég aldrei séð. Fékk mikið metið upp í sérnámið og varð sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningum fáeinum árum síðar.

Að starfa sem barna- og unglingageðlæknir á þessu tímabili hefur að mörgu leyti verið rússíbani. Breytingar hafa verið hraðar og bráðaþjónusta til dæmis

margfaldast á tímabilinu. Margar ástæður kunna að liggja þar að baki en líklegt að samfélagsmiðlar, og að einhverju leyti breytt samfélagsmynd, hafi haft áhrif. Ég vissi lítið um starfsemina þegar ég byrjaði, við fengum litla kynningu í náminu og ég hélt að allt snerist um djúpsálfræði eða víðlíka efni. Komst fljótlega að öðru, um er að ræða víðfeðma sérgrein sem tengist, auk geðrænna einkenna, þroskafræðilegum frávikum, taugasjúkdómum og svo mörgu öðru. Þessar miklu breytingar hafa síðan leitt til fjölda tækifæra til að taka þátt í margvíslegum og ólíkum vísindaverkefnum.

Ég held að ég segi sannleikann þegar ég fullyrði að hafa ekki leiðst einn dag síðan ég byrjaði á Barna-og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL), árið 1998 og starfa þar enn. Það sem einkennir starfsemina er teymisvinna og náð samstarf með öðrum faghópum. Starfið er mjög gefandi og ég veit að það hefur gert deildina að æ vinsælli vinnustað með árunum. Einnig hefur verið gaman að sjá mikla fjölgun sérnámslækna á síðari árum. Sjálfur tel ég það vera vegna betri kynningar á sérgreininni þannig að lækarnir sjá þá miklu möguleika sem framundan eru, bæði með tilliti til lækningar en einnig vísindaverkefna. Framtíð sérgreinarinnar er björt og ljóst að mikil þörf og eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu verður til staðar í framtíðinni.

Gísli Baldursson

barna- og unglingageðlæknir

Að starfa sem barna- og unglingageðlæknir á þessu tímabili hefur að mörgu leyti verið rússíbani. Breytingar hafa verið hraðar og bráðaþjónusta til dæmis margfaldast á tímabilinu. Margar ástæður kunna að liggja þar að baki en líklegt að samfélagsmiðlar, og að einhverju leyti breytt samfélagsmynd, hafi haft áhrif.

Krefjandi og lærdómsríkur rússíbani

Það er sumar 2017. Sit í matsal Landspítala. Kollegi minn svarar spurningu minni um framtíð sína sem læknir. Hún ætlar að verða skurðlæknir. Ég dáist að henni og segi „Ég gæti það ekki.“ Hún spyr mig sömu spurningar og ég segi „barna- og unglíngageðlæknisfræði.“ Kollegi minn bregst eins við svári mínu. Ég er ánægð að við erum ólík. Við erum öll mikilvægir hlekkir í keðju heilbrigðisferfisins.

Í ágúst 2017 fórum við fjölskyldan í heimsókn til Svíþjóðar. Vorum hjá góðum vinum í Gautaborg. Guðmundur Vignir Sigurðsson barnalyflæknir kemur í heimsókn og spyr mig hvað ég ætli að gera. Ég svara honum. Hann fer í símann sinn og ég held að samtalinu sé lokið. En um tveimur mínútum síðar segir hann; „Þú átt atvinnuviðtal með yfirlækni á barna- og unglíngageðdeildar á Sahlgrenska háskólasjúkrahúsini í Gautaborg á fimmtudaginn.“ Viðtalið gekk mjög vel. Harpa Kristinsdóttir barnalyflæknir og barnaofnæmislæknir fylgdi mér og niðurstaðan varð að mér var boðin sérnámsstaða frá og með haustinu 2018. Ég fékk tímabundna stöðu sem sérnámslæknir í fullorðinsgeðlæknisfræði á Íslandi ásamt þremur mánuðum á sjúkrahúsini Vogu og var mjög ánægð með tímarn á báðum sviðum. Ég fékk það metið að hluta inn í námið í Gautaborg.

Haustið 2018 flytjum ég, maðurinn minn, Alfreð Brynjar Kristinsson viðskipta- og tölvunarfræðingur, og börnin okkar Kristján Leó (2013), Birta Líf (2014) og Katrín Lára (2016). Myndi segja að allt sérnámsferlið hafi verið krefjandi tími vegna margra þátta en á sama tíma lærdómsríkt, skemmtilegt og valdeflandi. Það sem stendur upp úr er að kynnast samstarfsfólki og kollegum og þar með stækka tengslanetið. Að eiga hauk í horni þegar á þarf að halda er mikilvægt innan heilbrigðisferfisins.

Fyrstu skref mín innan veggja Sahlgrenska háskólasjúkrahúss voru

á átröskunarteymi Östra spítala. Eftir það lá leið mín á Drottninggatan í miðbæ Gautaborgar þar sem ég gerði fyrsta greiningarmatið á nýjum skjólstaðingum innan barna- og unglíngageðsviðs. Ég fór síðan í rúmt ár á tvær göngu- deildir innan sviðsins. Eftir það fékk ég að fara á bráðamóttöku barna- og unglíngageðdeildar á Östra spítala. Síðan byrjaði ég fyrri hluta barnalyflæknaviðveru minnar á Barn- och ungdomsmottagning (BUM) í Mölndal.

Um þakklæti

Þegar ég var að ljúka þriggja mánaða viðveru á Specialmottagning tók líf okkar U-beygu. Frumburðurinn greindist með heilæxli í febrúar 2023 og fór í lífshættulega bráðaaðgerð hjá Magnus Tisell och Kristínu Lilju heila- og taugaskurðlæknum. Aðgerðin gekk vel en þessu fylgdi prótónu-geislameðferð í Uppsölum og lyfjameðferð. Það sem er mér efst í huga eftir þetta skrítna eitt og hálf ár er þakklæti. Ég er þakklát fyrir fjölskyldu okkar, vini, gamla sem nýja, og allt heilbrigðisstarfsfólkið sem hefur verið til staðar fyrir okkur.

Það er skortur á sérfræðingum í barna- og unglíngageðlæknisfræði. Við þurfum að vera duglegri að láta vita af þessu frábæra og fjölbreytta námi sem hefur heildræna sýn að leiðarljósi. Við höfum mikið að vinna því skjól-

Það er skortur á sérfræðingum í barna- og unglíngageðlæknisfræði. Við þurfum að vera duglegri að láta vita af þessu frábæra og fjölbreytta námi sem hefur heildræna sýn að leiðarljósi. Við höfum mikið að vinna því skjólstaðingarnir eru börn og unglíngar.



Hanna Sesselja Hálfánardóttir
kollegi og sérnámslæknir í barna- og unglíngageðlæknisfræði

staðingarnir eru börn og unglíngar. Að greina rétt geðræna sjúkdóma og taugaþroskaraskanir er mikilvægt, svo hægt sé að hefja viðeigandi meðferð sem fyrst. Hérna í Gautaborg erum við hluti af risastóru háskólasjúkrahúsi og við erum í samskiptum og samstarfi með ýmsum sviðum innan sem utan spítalans.

Frá því 2018 hefur verið boðið upp á heilt sérnám barna- og unglíngageðlæknisfræði á Íslandi. Ég myndi þó mæla með að fara út fyrir landsteinana, hvort sem það er til styttri eða lengri tíma. Tek með mér það sem Kristján Oddsson kvensjúkdómalæknir sagði: „Sérnámið var krefjandi en skemmtilegur og gefandi tími hjá fjölskyldunni. Ég sakna þess tíma. Munið að njóta sem fjölskylda og nýta tækifærin og möguleikana sem nám erlendis hefur að bjóða.“

Nú erum við tvær frá Íslandi í sérnámi í barna- og unglíngageðlæknisfræði í Gautaborg. Sérnámslæknahópurinn hefur stofnað „gleðihóp“ (skojgrupp). Reglulegir hittingar í bókaklúbbi, kvikmyndaklúbbi, Balint-hóp og „after work.“ Bjartir tímar framundan og vonandi framtíðar samstarf milli Svíþjóðar og Íslands.

Velkomin til Gautaborgar. Þar munum við Nína Björnsdóttir taka vel á móti ykkur ásamt stórum hópi af Íslendingum, öðrum útlendingum og Svíum.

Með bestu kveðjum.